



LIMLESTING Á KYNFÆRUM STÚLKUBARNA/KVENNA

Yfirlit



Who skilgreinir FGM – “aðgerð sem tekur að hluta eða alveg ytri kynfæri kvenna eða aðrir skaðar sem eru gerðir án læknisfræðilegrar ástæðu”

Oft kallað, limlesting á kynfærum stúlkna, umskurður, skurður eða Sunnah – FGM (female genital mutilation) er ofbeldi á stúlkubörnum, réttindum þeirra og virðingu óháð á hvaða aldri það er gert. Þetta er ólögleg aðgerð á Íslandi.

Áhættuhópar

Gert á stúlkubörnum, oftast frá ungbarni til 15 ára aldurs. Meir en 200 milljón stúlkur hafa hafa verið limlestar á kynfærum sínum. Sennilega um 60 þúsund konur í Svíþjóð, um 130 þúsund konur í Bretlandi og fer fjölgandi þar sem innflytjendum og flóttamönnum fjölgar.

Mörg lönd telja að limlesting á kynfærum stúlkna - FGM - sé nauðsynleg svo stúlkur séu samþykktar í samfélagið og að þær verði álitlegar til að giftast. Fjölskyldur sem aðhyllast FGM telja sig vera að gera framtíð stúlkna sinna bjartari.

Aðrar ástæður:

- Viðhalda heilsu
- Passa að þær séu hreinar meýjar við giftingu
- Líður í því að verða kona
- Staða í samfélaginu
- Viðhalda heiðri fjölskyldunnar
- Viðhalda trú og réttlæti – það eru engar trúarlegar skoðanir sem mæla með FGM

Hverjir gera FGM?

29 lönd í Afríku, sum Asíu, Suður -Ameríka og Mið-Austurlönd. Vegna flóttamanna og innflytjenda hefur FGM aukist og er gert víða í Evrópu.

Tegundir FGM

Margar tegundir en aðallega 4 tegundir:

1. Snípur að hluta eða alveg tekinn í burtu.
2. Snípur og innri skapabarmar teknir.

3. Leggangaop þrengt og saumað fyrir með ytri og innri skapabörmum (infubulation).
4. Alls lags aðrar týpur sem limlesta ytri kynfæri kvenna – skurður, röspun, götun, skröpun og fleira.

Áhrif á heilsu barna/kvenna

Bráða;

- Dauði
- slæmir verkir
- lost
- brotnir útlímur (þegar börnum er haldið)
- skemmdir á aðliggjandi vefjum
- þvagteppa
- aukin áhætta á HIV og AIDS

langvinn áhrif;

- þvag-, leggangna- og sýkingar í grindarholi
- blöðrur og taugaæxli á kynfærum
- aukin tíðni á götum (fistlum)
- aukaverkanir í fæðingum
- þunglyndi og fæðingarþunglyndi
- andleg vanlíðan
- erfiðleikar á meðgöngu og í fæðingu
- erfiðleikar í kynlífi
- erfiðleikar og verkir við tíðablæðingar
- trauma og endurlit (flash back)

Merki um að stúlka geti verið í hættu fyrir limlestingu á kynfærum - FGM

- Foreldrar eru frá landi þar sem limlestingar á kynfærum stúlkna tíðkast.
- Móðir er limlest.
- Móðir hefur viljað láta sauma sig aftur saman eftir fæðingu (re-infabulation).
- Eldri systur/frænkur hafa verið limlestar á kynfærum.
- Foreldrar telja FGM nauðsynlega fyrir heiður fjölskyldunnar.
- Fjölskyldumeðlimir hafa mikla skoðun á að FGM sé nauðsynleg – getur verið einhver sem er að passa barnið.
- Fjölskyldan er ekki komin inn í nýtt samfélag í öðru landi.
- Foreldrar og barnið vita ekki um reglur í nýju landi og barnið tekur ekki þátt í kynfræðslu og þess háttar.
- Heimsókn með barnið til heimalandsins eða “frænka” kemur í heimsókn til að gera FGM.
- Ef barn talar um FGM við aðra vini sína – talar kannski um að hún verði að gangast undir ákveðna aðgerð til að geta talist kona.
- Stúlka biður um hjálp frá heilsugæslu, skólahjúkrunarfræðingi.
- Foreldrar segja frá að stúlkan fari í heimsókn til heimalandsins í langan tíma.
- Stúlka segir frá að hún sé að fara í ferðalag til heimalandsins.

Einkenni um að stúlka hafi verið limlest á kynfærum

- Langt frí frá skóla
- Þarf að fara oft á WC
- Lengi að pissa
- Þvagfærasýkingar
- Segir frá

- Lokar sig af
- Breyting á hegðun
- Fer að nota víð föt
- Erfiðleikar með tíðablæðingar
- Erfitt að sitja lengi og finna góða stellingu
- Kvartar um verki á milli fóta sér
- Segist hafa orðið fyrir einhverju sem ekki má segja frá

Hvað á að gera ef þig grunar að stúlka hafi verið umskorin eða er í hættu að verða það. Hafa skal samband við barnavernd

Lög á Íslandi banna FGM – limlestingar á stúlkubörnum/konum og ber að tilkynna það til barnaverndar ef áhyggjur vakna.

Frumvarp til laga

131. löggjafarþing 2004-2005

Þskj. 67-67. mál

Frumvarp til laga um breytingar á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (bann við limlestingu á kynfærum kvenna).

3. gr.

Á eftir 218. gr. laganna kemur ný grein, 218. gr. a, sem orðast svo:

Hver sem með ásetningi eða gáleysi, með eða án samþykkis, veldur tjóni á líkama eða heilsu stúlkubarns eða konu með limlestingu á kynfærum hennar, þ.e. með því að fjarlægja þau að hluta eða öllu leyti, skal sæta fangelsi allt að sex árum. Hafi verknaðurinn haft svo alvarlegar afleiðingar að bani hlýst af eða brotið er sérstaklega hættulegt vegna aðferðarinnar eða tækja sem notuð eru varðar brotið fangelsi allt að 16 árum.

[National FGM Centre](#) – Breskur bæklingur um FGM